

1410458
15.11

1. nóvember 2016

Ályktun um stækkun Álfthanesskóla

Foreldrafélag Álfthanesskóla og fulltrúar foreldra í skólaráði Álfthanesskóla skora hér með á bæjarstjórn Garðabæjar að setja stækkun Álfthanesskóla á fjárhagsáætlun sína fyrir tímabilið 2017-2020 sem tekin verður til fyrri umræðu þann 3. nóvember nk. Við skorum enn fremur á bæjarstjórnina að sjá til þess að framkvæmdir við skólann verði settar í forgang. Það er afar brýnt fyrir alla starfsemi Álfthanesskóla að bætt verði hið fyrsta úr þeirri óviðunandi aðstöðu sem starfsfólk hans og nemendur búa við í dag.

Til að mögulegt sé að efla innra starf skólans og gera gott starf hans enn betra er óhjákvæmilegt að bæta húsakost skólans. Sem dæmi má nefna að nauðsynlega vantar viðtalsrými fyrir sérfræðinga, s.s. sálfræðinga, talmeinafræðinga og fulltrúa félagsþjónustu, fyrir sértækan stuðning og fyrir foreldraviðtöl sem og aukið vinnurými fyrir starfsmenn. Einnig er áriðandi að Frístund fái aðstöðu sem hentar starfsemi hennar. Nauðsynlegt er að fá stærri matsal í stað þess sem nú er þrí- og stundum fjórsetinn í hádeginu og nýjan sal fyrir ýmsa viðburði. Þetta er fjarri því að vera tæmandi upptalning.

Starfsmenn Álfthanesskóla hafa gert sitt besta til að halda úti góðri kennslu þrátt fyrir að vinnuaðstaða þeirra og grunnaðstaðan í skólanum miðist öll við skóla fyrir 1.-7. bekk eins og Álfthanesskóli var fram til ársins 2003. Nú er hins vegar svo komið að lengur verður ekki unað við óbreytt ástand. Þegar skólinn varð heildstæður grunnskóli fyrir 1.-10. bekk árið 2006 var þá þegar ljóst að nauðsynlegt væri að stækka hann meira en þegar hafði verið gert og aðlaga hann að breyttri þörf til samræmis við aukinn nemenda- og starfsmannafjölda. Í kjölfarið var fyrsta skóflustungan tekin árið 2008 að fyrsta áfanga af þremur að nýjum viðbyggingum sem aldrei risu. Þörf skólans fyrir aukið rými og stórlega bætta aðstöðu hefur því verið viðvarandi mjög lengi. Á meðan ekki er bætt úr er bæði nemendum og starfsfólki gert erfiðara fyrir að njóta sín í námi og starfi.

Vegna áforma um fjölgun íbúa í vesturhluta Garðabæjar samkvæmt forkynningu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er ljóst að þörfin fyrir stærri skóla á eftir að aukast enn írekar, en gleymum ekki að skólinn er löngu sprunginn miðað við íbúafjöldann í dag. Hér er íbúasamsetning með þeim hætti að um fimmtungur íbúa stundar nám og störf í Álfthanesskóla. Nemendur skólans eru í dag 438 og starfsmenn 85 talsins. Það er ekki hægt að bíða lengur með að bæta aðstöðu þeirra. Þörfin blasir við öllum sem að skólanum koma.

Setjum stækkun Álfthanesskóla á fjárhagsáætlun 2017 og áframhaldandi vinnu við stækkun á fjárhagsáætlun 2018-2020.

Stjórn Foreldrafélags Álfthanesskóla og
fulltrúar foreldra í skólaráði Álfthanesskóla 2016 - 2017